



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Spænska – 1. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og er ákveðinn orðaforði tekinn fyrir í hverju þema. Þau þemu sem tekin eru fyrir í 6 ára bekk eru eftirfarandi: Algengar kveðjur og samskipti, hlutir í skólastofunni, litir, tölur 0-20, matur og fjölskyldan. Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

Matsviðmið

Frásögn

Notað einfaldan orðaforða og setningar í tjáningu.
Borið orðin rétt fram.
Tekið þátt í samtalsæfingum í þörum eða litlum hópum.

Lesskilningur

Tengt orðaforða við myndir.

Menningarlæsi

Talið upp nokkur þeirra landa þar sem tungumálið er talað og hvaða heimsálfum þau tilheyra. Áttað sig á menningarmun á milli landa þar sem tungumálið er talað og heimalands nemandans.
Öðlast þekkingu á helstu hátíðum í spænskumælandi löndum.
Sungið einföld barnalög á tungumálinu.

Námshæfni

Notað hjálpargögn við verkefnavinnu, t.d. myndir.
Metið hvort hann hafi leyst verkefni vel eða illa af hendi.
Unnið verkefni sem einstaklingur, í þörum og hópum

Ritun

Skrifað einfaldan orðaforða og frasa

Samskipti

Notað algengar kveðjur
Spurt og svarað um liðan
Notað lykilorðaforða í samskiptum við kennara og samnemendur

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.
Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu og tillitsemi

Námsmat

Nemendur fá umsögn á Mentor sem byggir á virkni og þátttöku í tímum. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum, verkefni sem nemendur hafa unnið og niðurstöður úr munnlegum og/eða skriflegum könnunum.